

**Sp.**

**140. Svar**

**[44. mál]**

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ólafs Ragnars Grímssonar um áhrif hins háa byggingarkostnaðar nýju flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli á rekstrarútgjöld fyrirtækjanna sem eru þar leigutakar og á viðbótargjaldheimtu af farþegum.

*1. Leiga einstakra fyrirtækja fyrir aðstöðu í flugstöðinni.*

Miðað við gengi bandaríkjadals 39 kr. er ársleiga þessi í þúsundum króna:

Arnarflug hf. ....	3 341
Bílaleiga Arnarflugs hf. ....	1 326
Bílaleiga Flugleiða hf. ....	1 326
Bílaleigan Vík hf. ....	1 326
Flugleiðir hf., farmiðasala, skrifstofur, búningsherbergi o.fl. ....	15 291
Flugleiðir hf., innritun ....	46 600
Flugleiðir hf., veitingar ....	10 576
Fríhöfn ....	36 251
Flugvallarstjóri ....	5 575
Grænlandsflug ....	159
Íslenskur markaður hf. ....	21 060
Kynnisferðir sf. ....	1 008
Landsbanki Íslands ....	10 328
Lögregla ....	4 700
Póst- og símamálastofnun ....	6 533
Ræstiverktaki ....	1 104

---

166 504

*Óráðstafað:*

Geymslur í kjallara, 383 m <sup>2</sup> .....	2 151
Skrifstofur, 48 m <sup>2</sup> .....	449
	<hr/>
	2 600

*2. Ákvörðun leigugjalds.*

Lágmarksleiga var ákveðin 19. maí sl. af ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu og flugvallarstjóra á Keflavíkflugvelli í umboði utanríkisráðherra.

Miðað var við að leigan væri 9,5% af byggingarkostnaði, vöxtum á byggingartíma, en að frádregnu framlagi Bandaríkjanna. Leiga á einstökum svæðum var verðlögð með hliðsjón af markaðsleigu í Reykjavík og tekjumöguleikum leigutaka. Óskað var eftir tilboðum í leigu í þremur tilvikum og voru tilboðin í *sumum* tilfellum 33% yfir lágmarksleigu. Sérfræðingar frá Kastrup-flugvelli voru fengnir til almennrar ráðgjafar um leigukjör.

Þær forsendur, sem lagðar voru til grundvallar leigugjaldinu, voru þessar í þúsundum króna:

<i>Heildartekjur:</i>	Þús. kr.
Húsaleiga .....	172.5
Þátttaka leigjenda í sameiginlegum kostnaði .....	27.2
Auglýsingar .....	2.0
Hækkun lendingargjalda .....	25.0
	<hr/>
	226.7
<i>Gjöld:</i>	
Vextir .....	171.0
Viðhald .....	25.0
Sameiginlegur kostnaður .....	27.2
	<hr/>
	223.2
Til greiðslu á afborgunum .....	3.5
	<hr/>

Ríkisendurskoðun vinnur að því að framreikna upphaflega áætlun um byggingarkostnað. Rétt þykir að bíða niðurstöðu þessarar athugunar, en hún er væntanleg innan skamms.

*3. Breytingar á leigu.*

Póst- og símamálastofnun hætti við að leigja 30 m<sup>2</sup> kjallarageymslu og 35 m<sup>2</sup> skrifstofu á 2. hæð. Ársleiga fyrir þetta rými er 196 080 kr. Horfur eru á að Arnarflug hf. hætti við að taka á leigu kjallarageymslu og minnki við sig aðstöðu í innritunarsal, en þar er félagið með sömu aðstöðu og Flugleiðir hf. eða 34 m<sup>2</sup>.

Forsvarsmenn Íslensks markaðar hf. fóru fram á breytt fyrirkomulag við útreikning á leigu, en féllu síðan frá þeirri hugmynd og hafa undirritað leigusamninginn í upprunalegri mynd.

Fulltrúar Flugleiða hf. hafa lýst vandkvæðum á því að greiða fyrir innritunaraðstöðu, færribönd, farangursskála o.fl. eftir fjölda farþega.

Ekki er vitað um rekstrarörðugleika fyrirtækja í flugstöðinni sem rekja má til hárrar húsaleigu þar.

Ekki er vitað til þess að leigutakar ætli að minnka við sig húsnæði umfram það sem áður er getið.

#### 4. Gjöld á farþega.

Engin gjöld eru lögð beint á farþega. Hins vegar hefur verið reiknuð leiga fyrir aðstöðu flugfélaga fyrir t.d. innritun, færribönd, farangursskála og 15% þátttöku í sameiginlegum rekstrarkostnaði sem er 200 kr. að meðaltali fyrir hvern innritaðan farþega. Þetta er hliðstætt því sem tíðkast annars staðar, t.d. á Kastrup-flugvelli.

Þessi leiga verður innheimt af flugfélögum jafnlengi og önnur leiga.

Ekki er gert ráð fyrir að farþegar þurfi að greiða sérstök gjöld á næstu árum vegna byggingarkostnaðar.

#### 5. Rekstrarkostnaður flugstöðvarinnar.

Árlegur rekstrarkostnaður flugstöðvarinnar er áætlaður 56,5 milljónir króna miðað við núverandi verðlag. Leigjendur greiða þennan kostnað með leigugjöldum (25 millj. kr.) og þátttöku í sameiginlegum rekstrargjöldum, svo sem hita, rafmagni og ræstingu (31,5 millj. kr.). Farþegar greiða ekki þennan kostnað.

#### 6. Árlegar greiðslur afborgana og vaxta.

Þegar lágmarksleiga var ákveðin 19. maí 1987 var reiknað með að lán vegna framkvæmdarinnar yrðu afborgunarlaus fyrstu árin með 9,5% meðalvöxtum. Ársvextir af 1,8 milljörðum kr. verða samkvæmt þessu 171 millj. kr. Gert er ráð fyrir að auknar tekjur vegna vaxandi umferðar komi til greiðslu afborgana.

Forsendur þær, sem miðað var við 1. maí 1987, hafa lítilega breyst og eru nú þannig í þúsundum króna:

<i>Heildartekjur:</i>	Pús. kr.
Húsaleiga .....	166.5
Þátttaka leigjenda í sameiginlegum kostnaði .....	31.5
Auglýsingar .....	2.0
Hækkun lendingargjalda .....	25.0
	<hr/>
	225.0
<i>Gjöld:</i>	
Vextir .....	171.0
Viðhald .....	25.0
Sameiginlegur kostnaður .....	31.5
	<hr/>
	227.5
Mismunur, neikvæður .....	2.7

### *7. Byggingarkostnaður flugstöðvarinnar.*

Byggingarkostnaður mun hækka á næstu árum vegna ólokinnar verkefna:

1. Starfsmannaaðstaða Friðhafnar og lögreglu.
2. Heimæð hitaveitu í stað bráðabirgðatengingar.
3. Endanlegur frágangur lóðar, þar með talin langtímabílastæði.
4. Útilistaverk.
5. Ófyrirséð.